



Ríflægur afgangur af viðskiptum við útlönd á 3. ársfjórðungi

Á þriðja ársfjórðungi var 76,5 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd. Þetta er aðeins meira en á sama tímabil í fyrra þegar afgangurinn mældist 65 ma.kr. og jókst afgangurinn um 11,4 ma.kr. milli ára.

Þetta er í fyrsta sinn síðan á 4. ársfjórðungi 2016 sem viðskiptajöfnuður eykst milli ára, en á síðustu sex ársfjórðungum (þ.e. 1. ársfjórðungi 2017 til og með 2. ársfjórðungi 2018) dróst hann saman milli ára.

Þetta er næstmesti afgangurinn sem mælt hefur hér á landi, en eina skiptið sem meiri afgangur mældist var á þriðja ársfjórðungi 2016, þegar hann var 99,6 ma.kr. Yfirleitt er langmestur afgangur á 3. ársfjórðungi, enda koma flestir ferðamenn til landsins þá.

Stefnir í meiri afgang en við bjuggumst við


Afgangurinn á fyrstu níu mánuðum ársins var 76,6 ma.kr., en í þjóðhagsspa okkar í október gerðum við ráð fyrir um 50 ma.kr. afgangi fyrir árið í heild.¹ Það er mjög ólíklegt að 26,6 ma.kr. eða meiri halli mælist á fjórða ársfjórðungi. Það er því næstum öruggt að afgangur á árinu verði meiri en októberspa okkar gerði ráð fyrir.

Bæði meiri útflutningur og innflutningur

Á fjórðungnum var 123,7 ma.kr. afgangur af þjónustujöfnuði, 43,7 ma.kr. halli af vöruskiptajöfnuði, 2,4 ma.kr. afgangur af frumþáttatekjum en 6,0 ma.kr. halli af rekstrarframlögum.


Alls jókst vöruútflutningur um 18,8 ma.kr. milli ára á þriðja fjórðungi, en vöruinnflutningur jókst aðeins minna, eða um 15,9 ma.kr. Svipaða sögu er að segja af þjónustujöfnuði, en útflutningur þjónustu jókst um 23,2 ma.kr. á meðan innflutningur jókst um 15,4 ma.kr.²

Viðskiptajöfnuður



Rekstrarframlög talin með þáttatekjum
Heimild: Seðlabanki Íslands

Breyting milli 3. ársfj. 2017 og 2018



Heimild: Seðlabanki Íslands

¹ Sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/efnahagsmal/hagspa-landsbankans-2018-2021/innflutningur-og-utflutningur/>

² Nánar er fjallað um þjónustujöfnuð í [Hagsjá: Metafgangur á þjónustujöfnuði \(PDF\)](#) og um þjónustu- og vöruskiptajöfnuð í [Hagsjá: Meiri afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum \(PDF\)](#)



Uppsafnaður afgangur frá árinu 2014 um 550 ma.kr.

Frá byrjun árs 2014 hefur einungis eitt sinn mælst halli af viðskiptum við útlönd, en á 2. ársfjórðungi í ár mældist 4,2 ma.kr. halli. Heildarafgangur á þessum þremur og hálfu ári er 550 ma.kr.

Hrein erlend staða þjóðarbúsins hefur stórbatnað á þessu tímabili og farið úr því að vera neikvæð um 190 ma.kr. í að vera jákvæð um 370 ma.kr. Alls hefur hrein erlend staða þjóðarbúsins batnað um 560 ma.kr. á þessu tímabili.


Hreinar erlendar eignir þjóðarbúsins hafa aldrei verið meiri

Í lok þriðja ársfjórðungs námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.380 mö.kr. og erlendar skuldir 3.012 mö.kr. Hrein staða var því jákvæð um sem nemur 386 mö.kr., eða 13% af VLF.

Erlendar eignir jukust um 17 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Einnig hækkuðu erlendar eignir þjóðarbúsins í krónum talið vegna veikingar krónunnar auk verðhækkana á erlendum verðbréfamörkuðum.


Óveruleg breyting var á erlendum skuldum á fjórðungnum. Skuldir lækkuðu um 69 ma.kr. vegna fjármagnsjöfnunar (greiddum niður skuldir), en jukust um 82 ma.kr. vegna veikingar krónu og verðbreytinga.

Erlend staða þjóðarbúsins



2009 F1 til 2015 F3 án ILST í slitameðferð
Heimild: Seðlabanki Íslands

Breyting á hreinni erlendri stöðu á 3. ársfj.



Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.